

Ú R S K U R Ð U R

Hinn 10. apríl 2013 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, Reykjavík, og tók fyrir kærumál nr. 1/2013:

Taflfélag Reykjavíkur (TR)

gegn

Taflfélagi Bolungarvíkur (TB).

Dóminn skipa:

Björgvin Jónsson hrl., Jón Rögnvaldsson og Hlíðar Þór Hreinsson.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

- Nr. 1. Kæra TR til mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga, dags. 1. mars 2013, ásamt fylgiskjölum.
- Nr. 2 Bréf TB til mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga, dags. 2. mars 2013.
- Nr. 3 Úrskurður mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga, dags. 2. mars 2013.
- Nr. 4 Tölvupóstur þ. 4. mars sl. v. áfrýjun TR á úrskurði mótstjórnar.
- Nr. 5 Tölvupóstur þ. 11. mars frá varnaraðila.

Þann 4. mars 2013 barst dómstólnum kæra Taflfélags Reykjavíkur á úrskurði mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 frá 2. mars 2013. Af hálfu sóknaraðila, TR, er þess krafist „að niðurstöðu mótanefndar verði snúið” og úrskurðað verði að keppandinn Alexander Arehchenko er telfdi á 1. borði fyrir a-sveit TB, hafi verið ólöglegur keppandi í viðureign félagsins við a-sveit TR í 5. umferð Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 þann 1. mars sl. Krefst sóknaraðili jafnframt að félaginu verði úrskurðaður 8-0 sigur í viðureigninni, en til vara 6-2 sigur.

Um ástæður kæru er af hálfu sóknaraðila vísað til að um erlendan skákmann sé að ræða sem ekki hafi telft með TB síðastliðinn þrjú keppnistímabil, þ.e. nánar tiltekið ekki síðan á keppnistímabilinu 2008-2009. Eftir 4. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins teljist hann því ólöglegur tímabilið 2012-2013, enda hafi umboð hans sem keppanda ekki verið endurnýjað. Varnaraðila var gert viðvart um kæru og gefinn kostur á athugasemdum. Með tölvupósti þann 11. mars sl. óskaði varnaraðili að árétta, að við val á erlendum keppendum til að tefla í mótinu fyrir TB hafi verið farið eftir Keppendaskrá SÍ og að aldrei hefði komið til greina að fá skákmann til að tefla fyrir félagið sem ekki væri á skránni.

Með lagabreytingum á 12. gr. laga Skáksambands Íslands og 18. og 19. gr. Skáklaga Skáksambands Íslands, sbr. nú í 19. og 20. gr. Skáklaga SÍ, sem gerðar voru á aðalfundi Skáksambandsins þann 29. maí 2010, var tekið upp það fyrirkomulag að af hálfu Skáksambandsins yrði haldinn sérstakur keppendalisti er nefndist Keppendaskrá SÍ yfir

þátttakendur á Íslandsmóti skákfélaga. Er skv. 19. gr. Skáklaga SÍ mælt fyrir um að til að keppendur teljist löglegir á Íslandsmóti skákfélaga skuli þeir komnir á Keppendaskrána eða hafa verið tilkynntir þangað 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta mótsins. Tvennar undantekningar eru heimilaðar frá þessu skv. umræddri lagagrein, sú fyrri varðandi skákmenn sem eru án skákstiga og án félags og hin seinni varðar skákmenn með lögheimili á Íslandi sem ekki tóku þátt í fyrri hluta mótsins, en hafa þá möguleika á að tilkynna sig inn á Keppendaskrána sé það gert eigi síðar en 20 dögum fyrir seinni hlutann. Hvorug þessara undantekninga á hins vegar við um þann keppanda er kæran varðar.

Samkvæmt 12. gr. laga SÍ skal Keppendaskránni og reglum um skráningu í hana lýst í sérstakri reglugerð. Reglugerð um Keppendaskrá Skáksambandsins var samþykkt á fyrsta stjórnarfundum SÍ eftir umræddan aðalfund 2010, samhljóða drögum að henni er fylgt höfðu gögnum um lagabreytingar á aðalfundinum. Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að Keppendaskráin komi fyrst út 1. júní 2010. Um skráningu í hana segir að skráin verði byggð á félagaskrár taflfélaganna sem skilað var inn fyrir Íslandsmót skákfélaga 2009-2010 með athugasemdum þeirra sem skilað var inn í febrúar 2010. Erlendir skákmenn sem telft hafi í Íslandsmóti skákfélaga á árunum 2007-2010 færast sjálfkrafa inn í skrána. Um aðra erlenda skákmenn er félögin óski eftir að skrá inn gildi hins vegar ákvæði annarar greinar reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar skal skákmaður senda Skáksambandi Íslands tilkynningu um það á þar til gerðu eyðublaði, ef hann skiptir um félag, nýskráist í félag eða hættir í því. Ennfremur segir að Skáksambandið skuli senda staðfestingu til baka og upplýsa bæði gamla og nýja félag hans um þetta með sannanlegum hætti. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir síðan: „Erlendir skákmenn sem ekki hafa telft með sínu félagi s.l. þrjú keppnistímabil detta út af keppendaskránni, nema umboð þeirra sé endurnýjað.” Þrátt fyrir að orðalag þessarar greinar reglugerðarinnar mætti vera skýrara, verður að líta svo á að þar sé átt við að fella skuli erlenda skákmenn út af Keppendaskránni, hafi þeir ekki tekið þátt í Íslandsmóti skákfélaga þrjú mót í röð, enda voru nöfn erlendra skákmanna ekki sjálfkrafa færð inn á keppendaskrána við innleiðingu hennar nema þeir hefðu telft í Íslandsmóti skákfélaga á árunum 2007-2010, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Ofangreindar reglur um Keppendaskrá SÍ komu í stað eldra fyrirkomulags þar sem taflfélögin sendu Skáksambandinu félagatöl sín fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga. Ástæður breytinganna voru m.a. að borið hafði á því að í félagaskrár taflfélaganna væru nöfn erlendra skákmanna að því er virtist án þess að viðkomandi skákmanni væri um það kunnugt. Vandkvæði gátu svo orðið ef viðkomandi skákmaður hugðist taka þátt í mótinu með sveit annars taflfélags. Um tilgang Keppendaskrárinnar segir í 1. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins að hann sé að gera umsýslu með keppendalistum fyrir Íslandsmót skákfélaga auðveldari, upplýstari og öruggari.

Fyrir liggur að umræddur erlendur skákmaður, Alexander Areshchenko, er kæran varðar, telfdi fyrir Taflfélag Bolungarvíkur á Íslandsmóti skákfélaga 2008-2009. Nafn hans færðist því sjálfkrafa skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins inn í Keppendaskrána sem félagsmanns í Taflfélagi Bolungarvíkur, þegar hún var upp tekin í júní 2010. Fyrir liggur einnig að hann tók næst þátt á Íslandsmóti skákfélaga 2012-2013, en þá voru í millitíðinni liðin þrjú keppnistímabil frá því að hann tók þar síðast þátt. Samkvæmt efnisreglu 4. gr. umræddrar reglugerðar átti því sbr. ofangreint Skáksambandið að fella nafn hans út af Keppendaskránni eftir Íslandsmót skákfélaga 2011-2012. Fyrir liggur hins vegar að nafn hans var áfram inni í Keppendaskrá SÍ sem gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013.

Í 1. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins er mælt fyrir um að Skáksamband Íslands beri ábyrgð á skránni, réttmæti skráninga og uppfærslu hennar. Á sama hátt segir í 12. gr. laga SÍ, að Skáksambandið skuli halda skrána. Með vísan til ofangreindra ákvæða þykja ekki efni til að líta öðru vísi á málið, en að varnaraðili hafi mátt ganga út frá því að meðan Alexander Areshchenko væri skráður (sem félagsmaður í TB) í Keppendaskrá SÍ sem gildi fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013, væri hann löglegur sem keppandi með TB í mótinu, með tilliti til reglna um Keppendaskrá SÍ. Vísast og þá til að Skáksambandi Íslands bærust engar athugasemdir frá sóknaraðila eða öðrum taflfélögum við því að nafn Alexanders Areshchenko væri inná Keppendaskrá SÍ fyrir Íslandsmót skákfélaga 2012-2013, innan frests sem tilgreindur er í 3. mgr. 19. gr. Skáklaga SÍ, til að bera fram athugasemdir vegna Keppendaskrárinnar. Að ofangreindu virtu ber því að staðfesta úrskurð mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 í málinu.

Upplýst er af hálfu Skáksambandsins að Keppendaskrá SÍ hafi ekki verið uppfærð eftir ákvæði 4. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins, a.m.k. um nokkurt skeið. Eins og ágreiningsmál þetta sýnir er afar brýnt að úr þessu verði bætt þegar í stað. Jafnframt þykir rétt að áréttu mikilvægi þess að stjórnarmenn í taflfélögum kynni sér efni framangreindra reglna um Keppendaskrá SÍ og fylgist með að þeir sem ætlað er að tefla fyrir hönd félagsins á Íslandsmóti skákfélaga, séu skráðir í hana.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hinn kærði úrskurður mótstjórnar Íslandsmóts skákfélaga 2012-2013 er staðfestur.

Björgvin Jónsson

Jón Rögnvaldsson

Hlíðar Þór Hreinsson